*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 135/2243*
*komudagur 16.4.2008*

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Tálknafirði 11.apríl 2008.

**Varðar : Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, 374.mál.**

Frumvarpið var sent Tálknafjarðarhreppi til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis með bréfi dags. 29.febrúar sl. Um er að ræða frumvar til nýrra heildarlaga um skipulagsmál sem jafnframt fela í sér aðskilnað skipulags- og byggingamála.

Undirrituð f.h. Tálknafjarðarhrepps taka undir með umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um umrætt frumvarp og árétta ályktun er samþykkt var á 22.landsþingi Sambandsins þann 4.apríl sl. Þar kemur fram að skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaganna og því afar mikilvægt að landsskipulagsáætlun ríkisins verði ekki gerð rétthærri skipulagsvaldi sveitarfélaga, þá lýsti 22.landsþing því skýrt yfir að samþykkt frumvarpsins eins og það liggur nú fyrir er í andstöðu við vilja og afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,
f.h. Tálknafjarðarhrepps.

Aðalsteinn Magnússon, formaður
Bygginga- og skipulagsnefndar

Oddviti Tálknafjarðarhrepps
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Tálknafjarðarhreppur
Miðtún 1
460 Tálknafjörður

Sími 456 2539
Fax 456 2589

www.talknafjordur.is
talknafjordur@talknafjordur.is
460 Tálknafjörður